

**39. fundur Fræðslu-,menningar-,íþróttu-, æskulýðsnefnd haldinn Strandgötu  
38, 28. september 2020  
og hófst hann kl. 14:00.**

**Fundinn sátu:**

Nancy Rut Helgadóttir (NRH), Birna F Hannesdóttir (BFH), Bjarnveig Guðbrandsdóttir (BG) og Ólafur Þór Ólafsson (ÓÞÓ).

**Fundargerð ritaði:** Ólafur Þór Ólafsson, sveitarstjóri

Svanhildur Rós Guðmundsdóttir og Jenný Lára Magnadóttir boðuðu forföll.

**Dagskrá:**

**1. Aðalskipulag Endurskoðun 2019-2031 - 1809041**

Umræðum framhaldið um drög að greinargerð Aðalskipulags Tálknafjarðarhrepps 2019-2031 sem var lögð fram til kynningar og umsagnar á 38. fundi Fræðslu-, menningar-, íþróttu- og æskulýðsnefndar 08.09.2020. Mál frá 48. fundi Byggingar-, skipulags- og umhverfisverndar sem fór fram 02.09.2020.

*Nefndin leggur áherslu á að nægt rými sé í kringum Tálknafjarðarskóla svo hann geti vaxið og dafnað eins og þörf er á. Þá leggur nefndin áherslu á að gert sé ráð fyrir sameiginlegu samkomu- og þjónusturými við skólann sem hægt er að nota fyrir starfsemi skólans sem og aðra starfsemi á vegum sveitarfélagsins. Jafnframt bendir nefndin á að leiðrétta þarf heiti í greinargerð á nokkrum stöðum.*

*Samþykkt*

**2. Gjaldskrá 2020 Tálknafjarðarskóli - 1910528**

Lögð fram tillaga sveitarstjóra að breytingu að gjaldskrá leikskóladeildar. Mál frá 38. fundi Fræðslu-, menningar-, íþróttu- og æskulýðsnefndar sem fór fram 02.09.2020.

*Nefndin samþykkir samhljóða þá breytingu á gjaldskrá að í stað orðalagsins "Fyrstu 6 stundirnar eru fríar, aðeins greitt fyrir fæði" komi "Fyrstu 6 stundirnar eru fríar, fyrir börn með lögheimili í Tálknafjarðarhreppi, aðeins greitt fyrir fæði." Lagt er til að breytingin taki gildi um leið og sveitarstjórn hefur staðfest hana og gildi út árið 2020.*

**3. Fjárhagsáætlun 2021 - 2007024**

Umræður um áheyrsluatriði nefndarinnar vegna fjárhagsáætlunar 2021.

*Nefndin leggur áherslu á að haldið verði áfram með að hafa fyrstu 6 klukkustundir hvers dags á leikskólanum gjaldfrálsan fyrir börn með lögheimili í Tálknafjarðarhreppi.*

**4. Skólastefna Tálknafjarðarhrepps - 2006234**

Lögð fram lokaútgáfa af Skólastefnu Tálknafjarðarhrepps.

*Lagt fram til kynningar.*

**5. Stöðuskýrsla - 2007016**

Stöðuskýrsla um sérfræðiaðstoð Tröppu dags. í júní 2020 lögð fram.

39. fundur  
12.10.2020

*Lagt fram. Umræðum frestað til næsta fundar.*

**6. Upplýsingagjöf skólastjóra 2020 - 2002213**

Skólastjóri lagði fram minnisblað um starfsemi síðustu vikna og það sem framundan er.

*Lagt fram og rætt.*

**7. Kjarasamningur umfjöllun samninganefndar SNS um kjarsamning FL - 2009247**

Yfirlýsing dags. 09.09.2020 frá Samningarnefnd Sambands íslenskra sveitarfélaga vegna kjarasamnings Félags leikskólakennara lögð fram.

*Lagt fram til kynningar.*

**Fleira ekki gert. Fundi slitið kl. 15:15.**

---

Nancy Rut Helgadóttir (NRH)

---

Birna F Hannesdóttir (BFH)

---

Bjarnveig Guðbrandsdóttir  
(BG)

---

Ólafur Þór Ólafsson (ÓÞÓ)

---